



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2019*

Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru afhent við hátíðlega athöfn í Háteigsskóla þriðjudaginn 28. maí 2019. Var þetta í sautjándra skipti sem verðlaunin voru afhent til nemenda í grunnskólum borgarinnar sem skara fram úr í námi og starfi. Alls bárust 33 tilnefningar að þessu sinni, frá grunnskólum í Reykjavík, um nemendur sem skara fram úr í námi, félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða hafa sýnt frábæra frammistöðu á tilteknu sviði skólastarfs. Aldur þeirra nemenda sem tilnefndir voru í ár spannar árgangana frá 4.-10. bekkjar grunnskólans sem sýnir að nemendur á öllum aldri geta skarað fram úr og verið góðar fyrirmyndir.

Hægt var að tilnefna til verðlaunanna fyrir:

- Góðan námsárangur, almennt eða í tiltekinni grein
- Góðar framfarir í námi, almennt eða í tiltekinni grein
- Virkni í félagsstarfi, að vera jákvæð fyrirmynd, sýna frumkvæði eða leiðtogaþæfileika
- Frábæra frammistöðu í íþróttum eða listum, s.s. skák, boltaíþróttum, sundi, frjálsum íþróttum, dansi, myndlist eða tónlist
- Listsköpun eða tjáningu í skólastarfi, s.s. í myndlist, tónlist, leiklist, handmennt, dansi eða upplestri
- Félagslega færni, samskiptahæfni og framlag til að bæta eða auðga bekkjaranda/skólaanda
- Nýsköpun eða hönnun, s.s. smíði, hannyrðir eða tæknimennt.

Sú hefð hefur skapast að veita verðlaunahöfum bókarverðlaun og hafa þær bækur sem hlotið hafa Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar það árið yfirleitt orðið fyrir valinu. Í ár hlutu þrjár bækur barnabókaverðlaunin. Yngsti aldurshópurinn fékk bókina *Sagan um Skarphéðin Dungal* eftir Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring en Rán fékk barnabókaverðlaunin fyrir myndskreytingar sínar í bókinni. Nemendur í 5.–8. bekk fengu bókina *Villimærin fagra* eftir Philip Pullman en Guðni Kolbeinsson fékk verlaun fyrir þýðingu sína á bókinni. Verðlaunahafa úr 9. og 10. bekk fengu bókina *Ljónið* eftir Hildi Knútsdóttur sem fékk Barnabókverðlaun Reykjavíkur 2019 fyrir bestu frumsömdu bókina.

## Eftirtaldir nemendur fengu Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2019:

- Christal Mae Trinidad Villados, 10. bekk Austurbæjarskóla
- Signý Lára Bjarnadóttir, 10. bekk Árbæjarskóla
- Arnór Gauti Vignisson, 7. bekk Ártúnsskóla
- Dominik Damian Matysko, 10. bekk Breiðholtsskóla
- Katla Sigurðardóttir, 10. bekk Dalskóla
- Jón Arnór Styrmisson, 10. bekk Fellaskóla
- Ingólfur Bjarni Elíasson, 10. bekk Foldaskóla
- Þóra Fanney Hreiðarsdóttir, 7. bekk Fossvogsskóla
- Matthías Kristinsson Schram, 10. bekk Hagaskóla
- Evanas Salickas, 5. bekk Hamraskóla
- Hera Karín Hallbjörnsdóttir, 10. bekk Háaleitisskóla
- Karin Guttesen, 9. bekk Háteigsskóla
- Ólína Stefánsdóttir, 8. bekk Hlíðaskóla
- James Andre Oyola Yllescas, 4. bekk Hólabrekkuskóla
- Eiríkur Emil Hákonarson, 4. bekk Húsaskóla
- Agnes Inger Axelsdóttir, 10. bekk Kelduskóla
- Daníel Smári Hafþórsson, 10. bekk Klettaskóla
- Valborg Elísabet Guðnadóttir, 9. bekk Klébergsskóla
- Kirill Zolotuskíy, 9. bekk Landakotsskóla
- Saga María Sæþórsdóttir, 8. bekk Langholtsskóla
- Egill Helgason, 10. bekk Laugalækjarskóla
- Savo Guðmundur Rakanovic, 4. bekk Laugarnesskóla
- Helena Sörensdóttir, 7. bekk Melaskóla
- Rúnar Lee Winship, 10. bekk Norðlingaskóla
- Hákon Garðarsson, 10. bekk Rimaskóla
- Pröstur Ingi Gunnsteinsson, 7. bekk Selásskóla
- Beatriz Soares Ladeira, 10. bekk Seljaskóla
- Úlfur Hnefill Ómarsson, 5. bekk Skóla Ísaks Jónssonar
- Sara Ósk Einarsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla
- Júlía Guðmundsdóttir Gaehwiller, 10. bekk Tjarnarskóla
- Embla Nótt Pétursdóttir, 10. bekk Vogaskóla
- Anh-Ngoc Bui, 5. bekk Vættaskóla
- Kjartan Helgi Guðmundsson, 9. bekk Ölduselsskóla